

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á ákvörðun 2004/92/EB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 491/2003 um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. apríl 2004.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**


---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsbreytingu á Sauðárkróki.

*Breyting á deiliskipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki vegna suðurhluta Skógargötu.*

Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi suðurhluta Skógargötu sunnan við Kirkjuklauf á Sauðárkróki.

Breytingin felst í breytingu lóðamarka og lóðastærða við Skógargötu og Suðurgötu. Gert er ráð fyrir að 3 hús verði rifin vegna þess hve þau þrengja að götunni og læknisfjósíð við Skógargötu. Tillagan felur í sér þá breytingu á gildandi deiliskipulagi að lóðir fyrir þrjú keðjuhús og bílageymslur ofan við Skógargötuna falla út. Gert er ráð fyrir einni byggingarlóð fyrir nýtt íbúðarhús á horni Hlíðarstígs og Skógargötu. Lóðin Suðurgata 4 verður ekki endurbyggð, þar er gert ráð fyrir bílastæðum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Sauðárkróki, 15. apríl 2004.*

**Jón Örn Berndsen**, skipulags- og byggingarfulltrúi Skagafjarðar.

## SAMÞYKKT

### um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.

I. KAFLI

**Almennt.**

1. gr.

Skaftárhreppur annast eða býður út alla meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer meðferð úrgangs fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands.